



Vopnafjörður

BREYTING Á DEILISKIPULAGI MIÐHLUTA HAFNARSVÆÐIS Á VOPNAFIRÐI

breytt skipulagsmörk og lóðir
vegna stækkunar á
uppsjávarvinnslu

BREYTINGARTILLAGA

13. september 2021



YRKI ARKITEKTAR

Mýrargötu 26. 101 Reykjavík
Sími: 552 6629 . yrki@yrki.is
Kt: 560997-3109 . www.yrki.is



Athugasemdir og ábendingar við tillögu

Allir, sem þess óska, geta komið á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa tillögu með því að senda þær skriflega til skipulags- og byggingafulltrúa Vopnafjarðarhrepps á netfangið sigurdur.jonsson@efla.is eða með bréfpósti á Sigurður Jónsson, Efla Austurlandi, Hafnargötu 28, 710 Seyðisfirði.

Innsendum athugasemdum og ábendingum verður svarað formlega að loknum auglýsingatíma.

Sjá nánar um samráð og málsmeðferð tillögunnar í kafla 7.

1 Aðdragandi og tilgangur breytinga

Brim hf., eigandi fiskvinnslunnar á Vopnafirði, hefur í hyggju að reisa nýja og stærri uppsjávarvinnslu á hafnarbakka Vopnafjarðarhafnar. Ekki er gert ráð fyrir þeirri uppbyggingu í núgildandi deiliskipulagi hafnarsvæðisins. Stækkunin er háð lengingu á löndunarbyggjunni og landfyllingu. Nú þegar er gert ráð fyrir þeirri stækkun í deiliskipulaginu.

Undirbúningur fyrir lengingu á löndunarbyggjunni og landfyllingu er hafin.

Til að koma nýrri uppsjávarvinnslu fyrir á hafnarbakkanum þarf að færa hafnarvogina og er hér lögð fram tillaga að nýjum stað fyrir vogina hinu megin við götuna. Skipulagsvæði hafnarinnar er því stækkað til vesturs við Sjóbúð.

Frá uppbyggingu uppsjávarvinnslu Brims á Vopnafirði árið 2005 hafa orðið verulegar breytingar á starfseminni. Félagið hefur leitast við að aðlagja fyrra vinnsluhús að þeim breytingum, aukið við frystigetun og bætt við búnaði til makkilvinnslu. Núverandi vinnsluhús hefur þjónað sínu hlutverki vel en mætir ekki lengur þörfum félagsins.

Endurnýjun vinnslunnar er Brim nauðsynleg þegar horft er fram á veginn. Vinnslan mun gera félaginu kleift að aðlagja sig að betur að síbreytilegu rekstrarumhverfi og auka verulega verðmætasköpun á staðnum.



2 Aðstæður í dag

Vopnafjarðarhöfn er fiskihöfn þar sem skipað er upp uppsjávarfiski og bolfiski. Frá höfninni er flutt út full unnin vara svo sem lýsi, mjöli, frosnum fiski og fiskafurðum.

Á hafnarbakkannum er að finna vinnslu fyrir uppsjávarfisk, frystigeymslur, vinnslulínu fyrir bolfisk, mjölverksmiðju, almennar geymslur, vélsmiðju og bifreiðaverkstæði.

Umferð um höfnina hefur aukist síðustu ár vegna uppbyggingar og stækkunar á vinnslu Brims undan farin ár. Löndunarbyggjan er ekki nógu löng þegar vertíð er og uppskipun samhliða útskipun fer fram.

Fyrirhuguð stækkun á fiskvinnslu kallar á lengingu á hafnarkanti ásamt landfyllingu sem nýtt verður undir nýja og stærri uppsjávarvinnslu. Í núgildandi deiliskipulagi er þegar gert ráð fyrir lengri löndunarbyggju og landfyllingu.

Undirbúningur fyrir lengingu á hafnarkanti og landfyllingu er hafin með samtali við Vegagerðina. Sú uppbygging er grunnforsenda fyrir nýrri uppsjávarvinnslu.

Löndunarkrani fyrir smærri báta stendur á norðurenda löndunarbyggjunnar. Til stendur að færa löndunarkranann á Ásgarð sem mun skilja frekar að vinnusvæði stærri löndunarskipa og smábáta. Skapar það öruggari og betri aðstæður fyrir alla.

Hafnarvogin stendur í dag við Sjóbúð nr. 4. Vogin er vel staðsett þar sem stutt er á hafnarbakkann og löndunarkrana. Handan götunar er lítið geymslusvæði fyrir smábáta.




Mynd 2.1 Horft yfir hafnarvæðið þar sem nú er gert ráð fyrir stækkun á uppsjávarvinnslu. Mynd frá 2017.



3 Tillaga hönnuða að stækkun uppsjávarvinnslu

Hönnun á stækkun uppsjávarvinnslu stendur yfir en hönnuðir á henni, ASK arkitektar, hafa gefið út drög sem sýna umfang nýbygginga.


Á myndum 3.1 og 3.2 má sjá hvernig hönnuðir hafa útfært tillögu að nýjum byggingum undir uppsjávarvinnslu Brims. Í viðauka við þessa breytingartillögu má sjá þessar myndir stækkaðar sem og fleiri ásýndarmyndir.




Mynd 3.1 Hönnunartillaga að stækkun uppsjávarvinnslu. Hluti teikningar eftir ASK arkitekta, dags. 07.06.2021. Sjá óklippta mynd í viðauka.



BREYTING Á DEILISKIPULAGI MIÐHLUTA HAFNARSVÆÐIS vegna stækkunar uppsjávarvinnslu



Mynd 3.2 Heildarútlit hafnarsvæðis eftir stækkun uppsjávarvinnslu. Horft til vesturs. Hluti teikninga eftir ASK arkitekta, dags. 07.06.2021. Sjá óklippta mynd í viðauka.



1 3D - Horft til suðurs

Mynd 3.3 Ásýnd á svæðið eftir stækkun uppsjávarvinnslu. Horft til suðurs frá Hafnarbyggð. Hluti teikninga eftir ASK arkitekta, dags. 07.06.2021. Sjá óklippta mynd í viðauka.



4 Breytingar á deiliskipulagi

Breytingartillaga þessi á deiliskipulagi miðhluta hafnarsvæðis felst í:

- Stækkun afmörkunar deiliskipulagsins á norðvestur enda þess.
- Fækkun lóða þar sem óbyggður lóðirnar Hafnarbyggð 14, Sjóbúð 2 og 6 eru feldar út ásamt byggingareitum.
- Götunni Miðbryggju er lokað og þar með þeirri aðkomu að hafnarbakkanum. Með lengingu á viðlegukannti verður aðkoma að norðan um Ásgarði.
- Byggingareitur fyrir fjölgun birgðatanka (mjöltanka) er helmingaður.
- Lóðin Hafnarbyggð 12 er stækkuð til norðurs í átt að Ásgarði.
- Byggingareitir fyrir nýja uppsjávarvinnslu, frystihús og frystigeymslu settir inn á uppdrátt ásamt skilmálum.
- Leyft verður að rífa eða færa hafnarvogina ásamt húsnæði og fylgibúnaði.
- Ný lóð fyrir hafnarvog á nýjum stað skilgreind ásamt skilmálum.

4.1 Breytingar á uppdrætti

Meðfylgjandi, sem viðhengi, er deiliskipulaguppdráttur fyrir og eftir breytingu. Mynd 4.1 og 4.2 hér aftar sýna yfirlit yfir breytingarnar á uppdrættinum.


Eftirfarandi breytingar eru lagðar fram á deiliskipulaguppdrætti:

- Stækkun á mörkum deiliskipulagsins til norðvesturs. Mörkin um miðlinu Sjóbúðar eru færð vestur fyrir við lóðamörk Sjóbúðar 1.
- Lóðin Sjóbúð nr. 1 verður hluti af deiliskipulaginu.
- Útbúin lóð fyrir hafnarvogina að Sjóbúð nr. 3.
- Niðurrif á núverandi hafnarvog heimiluð.
- Fækkun lóða þar sem óbyggðu lóðirnar Hafnarbyggð 14, Sjóbúð 2 og 6 eru sameinaðar aðliggjandi lóð, Hafnarbyggð 12.
- Lóð hafnarvogarinnar, Sjóbúð 4, sameinuð Hafnarbyggð 12.
- Lóðin Hafnarbyggð 12 er stækkuð til norðurs í átt að Ásgarði.
- Gatan Miðbryggja og aðkomu þar um að löndunarbyggju er lokað. Aðkoma frá landi að löndunarbyggju verður þá í báða enda.
- Byggingareitur fyrir fjölgun birgðatanka (mjöltanka) er helmingaður.
- Niðurrif á frystigeymslu heimiluð.
- Byggingareitir fyrir nýja uppsjávarvinnslu, frystihús og frystigeymslu settir inn sem hluti af lóðinni Hafnarbyggð 12.
- Almenn uppfærsla á uppdrætti: Byggingareitir sem sýndir eru á uppdrætti og eru fullnýttir í dag er breytt í núverandi byggingar. Við það breytist litur þeirra.
- Lóðin Hafnarbyggð 16 lagfærð í samræmi við skráningu í fasteignaskrá.



BREYTING Á DEILISKIPULAGI MIÐHLUTA HAFNARSVÆÐIS vegna stækkunar uppsjávarvinnslu

Hluti deiliskipulagsuppráttar FYRIR breytingu:



Skýringar:


	ELDRI SKIPULAGSMÖRK		10	MANNVIRKI TIL NIÐURRIFS		
	NÝ SKIPULAGSMÖRK			HÚSNÚMER		
	NÚVERANDI LANDLÍNA			MÆNISSTEFNA		
	BYGGINGARREITIR			MÁLSETNINGAR BYGGINGARREITA		
	LÓÐARMÖRK			BILASTÆÐI		
	LÓÐARMÖRK NÝRRAR LÓÐA			BILASTÆÐI FYRIR HREYFIHAMLAÐA		
	NÚVERANDI BYGGINGAR			OLÍUGILDRA		
	NÚVERANDI BYGGINGAR VERNDAÐAR SKV. SKIPULAGSREGLUGERÐ 90/2013			OLÍULAGNIR Í JÖRÐU		
	ATHAFNARSVÆÐI			FRÁVEITA		
	SJÓR & TJÖRN			ADALADKOMA HAFNS/ÆKINNAR UMFERÐAR		
	VARNARGARÐUR			HÁSPENNUSTRENGUR Í JÖRÐU		
	GRÆNT SVÆÐI			INNAKSTUR Á LÓÐIR		
	LANDSVÆÐI UTAN SKIPULAGSMARKA	<table border="1"><tr><td>a</td><td>b</td></tr></table>	a	b		FLATARMÁL LÓÐARHLUTA
a	b					
	VEGIR		a = HÁMARKSFLATARMÁL BYGGINGA b = HÁMARKSHÆÐ BYGGINGA			
	VEGHJELGUNARSVÆÐI	Gk		GÓLFKÓTI 1. HÆÐAR Í HAFNARKERFI VOPNAFJARÐAR		
	BREYTT LEGA VEGAR			FORNLEIFAR Í HNITUM SKV. HÚSAKÖNNUNARSKÝRSLU:		
	GÖNGUSTÍGAR		39	HORFIN HÚS		
	GÖNGULEIÐ (LEGA LEIDBEINANDI)		59	HORFNAR MINJAR		
			30	SÝNILEGAR MINJAR		

Mynd 4.1 Hluti deiliskipulagsuppráttar FYRIR breytingu. Sjá nánar meðfylgjandi deiliskipulagsupprætti.



BREYTING Á DEILISKIPULAGI MIÐHLUTA HAFNARSVÆÐIS vegna stækkunar uppsjávarvinnslu

Hluti deiliskipulagsuppráttar EFTIR breytingu:



Skýringar:

	ELDRI SKIPULAGSMÖRK		10	MANNVIRKI TIL NIÐURRIFIS
	NÝ SKIPULAGSMÖRK			HÚSNÚMER
	NÚVERANDI LANDLÍNA			MÆNISSTEFNA
	BYGGINGARREITIR			MÁLSETNINGAR BYGGINGARREITA
	LÓÐARMÖRK			BILASTÆÐI
	LÓÐARMÖRK NÝRRAR LÓÐA			BILASTÆÐI FYRIR HREYFIHAMLADA
	NÚVERANDI BYGGINGAR			OLÍUGILDRA
	NÚVERANDI BYGGINGAR VERNDABAR SKV. SKIPULAGSREGLUGERÐ 90/2013			OLÍULAGNIR Í JÖRÐU
	ATHAFNARSVÆÐI			FRÁVEITA
	SJÓR & TJÖRN			ADALADKOMA HAFNSÆKINNAR UMFERÐAR
	VARNARGARÐUR			HÁSPENNUSTRENGUR Í JÖRÐU
	GRÆNT SVÆÐI			INNAKSTUR Á LÓÐIR
	LANDSVÆÐI UTAN SKIPULAGSMARKA			FLATARMÁL LÓÐARHLUTA
	VEGIR			a = HÁMARKSFLATARMÁL BYGGINGA b = HÁMARKSHÆÐ BYGGINGA
	VEGHELGUNARSVÆÐI			GÓLFKÓTI 1. HÆÐAR Í HAFNARKERFI VOPNAFJARÐAR
	BREYTT LEGA VEGAR			FORNLEIFAR Í HNITUM SKV. HÚSAKÖNNUNARSKÝRSLU:
	GÖNGUSTÍGAR			HORFIN HÚS
	GÖNGULEIÐ (LEGA LEIBBEINANDI)			HORFNAR MINJAR
				SÝNILEGAR MINJAR

Mynd 4.2 Hluti deiliskipulagsuppráttar FYRIR breytingu. Sjá nánar meðfylgjandi deiliskipulagsupprætti.



4.2 Breytingar á greinargerð

- Bætt er við skilmálum nýrra byggingareita.
- Bætt er við skilmálum vegna niðurrifs á hafnarvoginni að Sjóbúð 4.
- Bætt er við lýsingu á lóðunum Sjóbúð 1 og 3 ásamt skilmálum

Minnt er á að lágmarks gólfkóti 1. hæðar nýrra mannvirkja á hafnarbakkanum skal ver að minnsta kosti 3,1 m (miðað við hafnarkerfi Vopnafjarðar) í samræmi við skýrslu Vegagerðarinnar „Lágsvæði – viðmiðunarreglur fyrir landhæð“ (útgáfa A, apríl 2018). Er lágmarks kóti settur til að sporna gegn líkum á tjóni vegna ágangs sjávar. Lágmarkskóti er sýndur á uppdrætti.

4.2.1 Sjóbúð 1

Lóð og húsnæði björgunarsveitarinnar Vopni. Lóðin telst fullnýtt.

4.2.2 Sjóbúð 3, ný lóð fyrir hafnarvog

Ný lóð stofnuð fyrir hafnarvog og vinnuaðstöðu hafnarstarfsfólks. Aðkoma er um Sjóbúð.

Á uppdrætti eru sýndur byggingareitur þar sem staðsetja má allt að 2 hæða hús fyrir skrifstofur og geymslur á vegum hafnarsjóðs. Þá er gert ráð fyrir hafnarvog á lóðinni þ.e. skrifstofu og búnaði því tengdu.

Byggingareitur er hafður rúmur til framtíðarnotkunar en hámarksstærð húsnæðis er takmarkað. Miðað er við að húsnæðið verði ekki mikið stærra en það sem fyrirfinnst á aðliggjandi lóð, Sjóbúð 1. Hámarkshæð taki mið af aðliggjandi húsum.

4.2.3 Sjóbúð 3b, rafstöð

Lóð um rafstöð Rarik. Tryggja skal aðgengi að rafstöðinni frá Sjóbúð, ekki má hindra aðgengi.

4.2.4 Niðurrif á Sjóbúð 4, hafnarvugin

Heimilt er að færa eða rífa hafnarvogina að Sjóbúð 4, öll mannvirki tengd vuginni. Þegar niðurrifi/flutningi er lokið og hafnarvog komin í notkun á nýjum stað má sameina lóðina, Sjóbúð nr. 4, við aðliggjandi lóð Hafnarbyggð 12.

4.2.5 Byggingareitir vegna stækkunar uppsjávarvinnslu

Á uppdrætti eru sýndir þrír nýir byggingareitir; 12-A, 12-B og 12-C.

Byggingareitur 12-A:

Uppsjávarvinnsla, hámarks byggingarmagn 7.000 m²
Hámarkshæð bygginga: 17 m

Byggingareitur 12-B:

Frystigeymslur, hámarks byggingarmagn 3.450 m²
Hámarkshæð bygginga: 18 m

Byggingareitur 12-C:

Stækkun uppsjávarvinnslu og/eða frystigeymslu, hámarks byggingarmagn 3.100 m². Hámarkshæð bygginga: 15 m



5 Tengsl við aðrar áætlanir

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi hafnarsvæðisins til að heimila stækkun á uppsjávarvinnslu á svæðinu. Breytingin felur í sér breytt fyrirkomulag lóða og byggingareita, aukið byggingarmagn, aukna hámarkshæð húsa og mögulega tilfærslu á hafnarvoginni.

5.1 Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026

Í gildi er Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 og er fyrirhuguð breyting staðsett á þéttbýlisupprætti þess.

Samkvæmt gildandi þéttbýlisupprætti yrði fyrirhuguð uppbygging uppsjávarvinnslu staðsett á hafnarsvæði.

Gert er ráð fyrir lengingu á löndunarbyggju og frekari uppbyggingu fiskvinnslu á svæðinu í aðalskipulaginu.

Fyrirhuguð breyting á deiliskipulagi miðsvæðis hafnarinnar er í samræmi við aðalskipulagið.


Sjá má hluta þéttbýlisuppráttar aðalskipulagsins á mynd 5.1.



BREYTING Á DEILISKIPULAGI MIÐHLUTA HAFNARSVÆÐIS vegna stækkunar uppsjávarvinnslu

SKÝRINGAR:

- IBÚÐARSVÆÐI
- MÍÐSVÆÐI
- ATHAFNASVÆÐI
- IBNAÐARSVÆÐI
- HAFNARSVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
- VERSLUNAR-
OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
- OPIN SVÆÐI
TIL SÉRSTAKRA NOTA
- ÖBYGGÐ SVÆÐI
- SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGÐ
- SORPFÖRGUNARSVÆÐI
- EFNISTÖKUSVÆÐI / EFNISLOSUN
- NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI
SVÆÐI Á NATTÚRUMINJASKRÁ
- BLÖNDUÐ LANDNOTKUN
LITUR Í SAMRÆMI VÍÐ FYRRÆGJUGU LANDNOT
- LANDBÚNAÐARSVÆÐI
- VÖTN, ÁR OG SJÖR
- STRANDSVÆÐI
SEM UPPFYLIR UMhverfismörk FYRIR ÚTIVISTARSVÆÐI,
SBR. FYLGISKAJAL 2 MED REGlugerð NR. 736/1989 UM FRÁVEITUR OG SKULP.
- STRANDSVÆÐI Í FLOKKI B
- STOFNBRAUT
- TENGIBRAUT
- ADRIK VEGIR
TIL SKÝRINGAR
- BYGGINGAR TIL NIÐURRIFS
- VATNSVEITA Í JÖRD
- RAFVEITA, LOFTLÍNA
- RAFVEITA, JARÐLÍNA
- FJARSKIPTI Í JÖRD
- FRÁVEITA Í JÖRD
- YFIRFALL Í JÖRD
- FRÁVEITA Í JÖRD
NOTKUN HETT Á SKIPULAGSTRANUM
- ADALSTÍGUR
- GÖNGULEIDIR/ÚTIVISTARSTÍGAR
- REIDULEIDIR/REIDSTÍGAR




Mynd 5.1 - Hluti þéttbýlisuppdráttar úr Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 m. s. br. Hvít brotalína sýnir staðsetningu fyrirhugaðrar uppsjávarvinnslu. Mælikvarði 1:10.000



5.2 Deiliskipulag miðhluta hafnarsvæðis á Vopnafirði

Í gildi er deiliskipulag miðhluta hafnarsvæðis á Vopnafirði sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 17. október 2019 en auglýsing í B deild stjórnartíðinda var birt 17. janúar 2020. Sjá afmörkun þess á mynd 4.1.

Ein breyting hefur verið gerð á deiliskipulaginu vegna niðurrifs Hafnarbyggðar 16 og var sú breyting samþykkt á fundi sveitarstjórnar 18. mars 2021 og tók gildi 18. maí sl. með birtingu auglýsingar þar um í B deild Stjórnartíðinda.



Mynd 5.2 - Hluti af deiliskipulagsuppgætti sem sýnir svæði fyrirhugaðrar stækkunar. Ný uppsjávarvinnsla yrði staðsett þar sem í dag er frystigeymsla næst hafnarkantinum. Frystigeymslan verður fjarlægð eða færð til að koma nýju vinnsluhúsi fyrir.



5.2.1 Húsakönnun og fornleifaskráning fyrir miðhluta hafnarsvæðis á Vopðafirði

Í húsakönnun fyrir hafnarsvæðið kemur fram að Sjóbúð 2, vogarhús, hafi lágt varðveislugildi. Um vogarhúsið segir:

„Vogarhús við hafnarvogina. Hannað af Helga Hjálmarssyni og Vilhjálmí Hjálmarssyni hjá Teiknistofunni Óðinstorgi. Teikningar dagsettar maí 1992. Timburhús á steiptum grunni.

dagsettar maí 1992. Timburhús á steiptum grunni Einföld skúrbygging með skilgreint hlutverk og er hluti af skyldumannvirkjum tengt hafnarstarfsemi.“

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Látlaus skúrbygging með mjög skilgreint hlutverk.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur lítið menningarsögulegt gildi. Er hluti af skyldumannvirkjum vegna hafnarstarfsemi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Hefur lítið umhverfislegt gildi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Byggingin er í meginatriðum upprunaleg.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Byggingunni er vel við haldið og er í ágætu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Einföld skúrbygging með skilgreint hlutverk og er hluti af skyldumannvirkjum tengt hafnarstarfsemi.
Verndarflokkar:		

Mynd 5.3 Varðveislumat Sjóbúðar 2, vogarhús. Úrdáttur úr húsakönnun hafnarsvæðisins.



Mynd 5.4 Núverandi hafnarvog við Sjóbúð. Vogarhúsið er metið með lágt varðveislugildi í húsakönnun hafnarsvæðisins.



BREYTING Á DEILISKIPULAGI MIÐHLUTA HAFNARSVÆÐIS vegna stækkunar uppsjávarvinnslu

Í húsakönnuninni er frystigeymsla að Hafnarbyggð 12 tekin fyrir og metin með lágt varðveislugildi.

Um frystigeymslunar segir:

„Frystigeymsla reist 2006. Stálgrindarhús á steyptri undurstöðu, klætt með samlokueiningum (yleiningum).“

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfalt iðnaðarhúsnaði án stileinkenna.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Byggingin tengist sögu atvinnuþróunar kaupsinsins.
Umhverfisgildi:	Lágt	Stórt iðnaðarmannvirki á hafnarsvæði og hverfur inn í umhverfi sitt.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Byggingin er í upprunalegu ástandi.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Byggingin telst enn vera nýlegt og er í ágætu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Hefur ekkert sérstakt varðveislugildi
Verndarflokkar:		

Mynd 5.5 Varðveislumat frystigeymslu að Hafnarbyggð 12. Úrdráttur úr húsakönnun hafnarsvæðisins.



Mynd 5.6 Frystigeymsla að Hafnarbyggð 12 sem leyfilegt er að rífa samkvæmt tillögunni.



6 Umhverfismat breytinga á deiliskipulagi

Umhverfismat er unnið samhliða vinnu við gerð breytingartillögu á deiliskipulagi í samræmi við 5.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Í samræmi við umhverfismat gildandi deiliskipulags eru metin líkleg áhrif af fyrirhuguðum breytingum á aðliggjandi svæði og eftirfarandi þætti:

Umhverfispáttur	Matsspurningar	Viðmið
Landslag og ásjúnd	Mun breytingin hafa áhrif á ásjúnd svæðisins?	Lög um náttúruvernd 60/2013 Gildandi deiliskipulag.
Heilsa og öryggi	Er hættu á mengun að völdum breytingarinnar ? Mun breytingin hafa áhrif á umferðaröryggi ?	Vegalög nr. 80/2007. Reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998
Hagrænir og félagslegir þættir	Stuðlar breytingin að bættum lífsgæðum íbúa? Mun breytingin hafa áhrif á atvinnulíf?	Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026. Gildandi deiliskipulag.
Minjar og varðveislugildi	Er breytingin líkleg til að hafa áhrif á menningarminjar?	Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Skipulagslög nr. 123/2013.

Borin eru saman áhrif þess að halda í óbreytt ástand við breytingartillögu.



6.1 Áhrif breytingartillögu

Tillagan gerir ráð fyrir umfangsmeiri mannvirkjum, hærri, lengri og breiðari, en þegar er leyft í skipulagi. Starfsemi á hafnarsvæðinu verður að sama skapi umfangsmeiri en áfram af sama meiði og þegar er.

6.1.1 Landslag og ásynd

Mun breytingin hafa áhrif á ásynd svæðisins?

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu á svæðinu en með öðru sniði en í þessari tillögu. Í breytingartillögunni er gert ráð fyrir stærri, hærri, lengri og breiðari mannvirkjum en þegar er leyft.

Að óbreyttu er hámarkshæð á svæðinu, sem tillagan nær til, 10-12 m. Í tillögunni er gert ráð fyrir allt að 18 m hárri byggingu.

Fjórir byggingareitir með um xx m bil á milli eru felldir út og í stað þeirra koma þrír samfelldir reitir. Þá er lengd og breidd nýrra bygginga töluverð eða allt að 115 m lengd og 70 m breidd.

Einnig eru byggingareitur birgðatanka minnkaður um helming en hámarkshæð þar er 40 m og verður óbreytt. Í stað tveggja raða að nýjum tönkum er nú gert ráð fyrir einn röð.

Taka skal fram að hæðarmismunur frá hafnarbakka og upp á Hafnarbyggð er um 6-7 metrar.

Fyrir eru umfangsmikil iðnaðarmannvirki á hafnarbakkanum sem mynda einskonar vegg séð frá Hafnarbyggð. Þessar byggingar skerða alveg útsýni frá Hafnarbyggð. Viðbættar byggingar sem fylgja stækkun vinnslunnar munu framleggja þennan vegg til norðurs og skerða frekar útsýni frá veginum. Einnig er ljóst að nýjar byggingar verða miklar í umfangi, meiri en fyrir er á hafnarsvæðinu.

Aukið umfang bygginga, það er hærri, lengri og samfella, er talin skerða útsýni út á sjó og rætur Smjörfjalla varanlega. Skerðingin er þó ekki úr takti við það umhverfis sem fyrir er.

Áhrif breytingarinnar á ásynd og landslag eru talin neikvæð.

6.1.2 Heilsa og öryggi

Er hættu á mengun að völdum breytingarinnar ?

Uppsjávarvinnsla, frystihús og frystigeymsla eru til staðar á hafnarsvæðinu en í tillögunni er gert ráð fyrir töluverðri stækkun á umfangi. Áfram þarf að fylgja reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, nr. 550/2018.

Tillagan mun að öllum líkindum kalla á aukningu í frárennsli frá hafnarsvæðinu. Sé tekið tillit til þess er talið að áhrif tillögunnar á mengun eða heilsu séu óveruleg.



Mun breytingin hafa áhrif á umferðaröryggi ?

Í tillögunni er gert ráð fyrir að aðkomu að hafnarbakkanum, löndunarbyggjunni, um Miðbyggju verði lokað. Aðkoma að verður því aðeins í báða enda. Þar með lengist akstursvegalengd inn og út af hafnarbakkanum frá Hafnarbyggð. Áhrifin á umferðaröryggi eru óveruleg.

6.1.3 Hagrænir og félagslegir þættir

Stuðlar breytingin að bættum lífsgæðum íbúa?

Breytingin er á svæði sem er afmarkað fyrir hafnrækna starfsemi og verður engin breyting á því. Svæðið er aðgangstýrt og verður áfram.

Breytingin er því ekki talin hafa áhrif á lífsgæði íbúa.

Mun breytingin hafa áhrif á atvinnulíf?

Breytingin felur í sér töluverða stækkun á uppsjávarvinnslu í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að stækkunin leiði til fjölgunar starfa, aukinna tekna í hafnarsjóð og aukningu skatttekna af bæði viðbættum störfum sem og starfseminni sjálfri. Þá eru ótalin afleidd áhrif aukinnar vinnslu, bæði á meðan uppbyggingu stendur sem og á meðan rekstri stendur.

Áhrifin eru metin verulega jákvæð á atvinnulíf.

6.1.4 Minjar og varðveislugildi

Er breytingin líkleg til að hafa áhrif á menningarminjar?

Í gildandi deiliskipulagi miðhluta hafnarsvæðisins er fjallað um fornleifaskráningu sem dagsett er árið 2019. Þá hefur minjavörður skoðað nánar norðurhluta svæðisins.

Engar þekkar minjar eru innan þess svæðis sem fyrirhuguð breyting nær yfir samkvæmt þeim gögnum. Svæðið sem um ræðir er á landfyllingu og er mjög ólíklegt að þar sé frekari fornleifar að finna.

Í deiliskipulaginu er að óbreyttu gert ráð fyrir uppbyggingu á því svæði sem þessi breytingartillaga tekur til. Rask á svæðinu verður því hvort sem farið er í breytingar á deiliskipulagi eður ei.

Í breytingunni er leyfð niðurrif á hafnarvog og vogarhúsi að Sjóbúð nr. 4, byggt 1992. Einnig er er heimilt að rífa frystigeymslu að Hafnarbúð 12, byggð 2006. Búið er að skrá og fjalla um þessar byggingar í húsakönnun & fornleifaskráningu fyrir hafnarsvæðið, dags. 13.11.2019. Byggingarnar falla ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í nefndri húsakönnun kemur fram að húsin séu bæði metin með lágt varðveislugildi.



6.2 Samantekt áhrifa og niðurstaða

Helstu áhrif breytingarinnar eru neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins vegna skerðingar á útsýni og auknu umfangi með nýjum byggingum.

Þá eru áhrif á mengun og umferðaröryggi metin óveruleg þar sem lítil breyting verður á þessum þáttum.

Áhrifin eru metin verulega jákvæð á atvinnulíf þar sem breytingin leiðir til stækkunar á uppsjávarvinnslu sem mun fjölga störfum bæði beint og óbeint (afleidd áhrif). Þá mun aukin vinnsla auka umsvif í atvinnulífi á svæðinu með jákvæðum áhrifum á samfélagið allt.

Áhrif breytingarinnar á minjar og varðveislugildi eru metin óveruleg en óljós.

Tafla 6.1 Samantekt áhrifa

Umhverfispáttur	Matsspurningar	Áhrif
Landslag og ásýnd	Mun breytingin hafa áhrif á ásýnd svæðisins?	Neikvæð
Heilsa og öryggi	Er hætt á mengun að völdum breytingarinnar ? Mun breytingin hafa áhrif á umferðaröryggi ?	Óveruleg
Hagrænir og félagslegir þættir	Stuðlar breytingin að bættum lífsgæðum íbúa? Mun breytingin hafa áhrif á atvinnulíf?	Verulega jákvæð
Minjar og varðveislugildi	Er breytingin líkleg til að hafa áhrif á menningarminjar?	Óveruleg

Niðurstaða umhverfismats tillögunnar er sú að ekki þurfi að grípa til frekari mótvægisáðgerða.



7 Samráð við gerð tillögu og tímaáætlun

7.1 Tækifæri til að hafa áhrif

Málsmeðferð vegna þessara breytingar á deiliskipulagi verður samkvæmt 1. mgr. 43. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Hægt er að hafa áhrif á vinnu við tillöguna með því að senda inn athugasemdir og/eða ábendingar. Þrjár vörður í ferlinu marka tækifæri til að hafa áhrif: **lýsing, tillaga í vinnslu og auglýsing breytingartillögu**. Sjá nánar áætlaða tímalínu hvenær þú getur komið athugasemdum að.

Hver sem telur sig eiga hagsmuna að gæta getur komið á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa tillögu **með því að senda þær skriflega til skipulags- og byggingafulltrúa Vopnafjarðarhrepps** á netfangið sigurdur.jonsson@efla.is eða með bréfpósti á Sigurður Jónsson, Efla Austurlandi, Hafnargötu 28, 710 Seyðisfirði.


7.2 Umsagnaraðilar



Auk Skipulagsstofnunar er þessi breytingartillaga send eftirfarandi aðilum til umsagnar:

- Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST)
- Minjastofnun Íslands
- Umhverfistofnun
- Vegagerðin, bæði sem veghaldari og siglingasvið



7.3 Áætluð tímalína fyrir skipulagsvinnuna





- SKIPULAGSMÖRK
- NÚVÆRANDI LANDLÍNA
- BYGGINGARREITIR
- LÖÐARMÖRK
- LÖÐARMÖRK NYRRRA LÖÐA
- LEIÐRÉTT LÖÐARMÖRK (SAMKV. ÞJÓÐSKRÁ)
- OLÍUGILDRÁ
- OLÍULAGNIR Í JÖRÐU
- FRÁVEITA
- HÁSPENNUSTRENGUR Í JÖRÐU


- | | |
|---|---|
|  | NÚVERANDI BYGGINGAR FYRIR GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS 2008 |
|  | NÚVERANDI BYGGINGAR EFTIR GILDISTÖKU DEILISKIPULAGSINS 2008 |
|  | ATHAFNARSVÆÐI |
|  | SJÖR & TJÖRN |
|  | VARNARGARÐUR |
|  | GRÆNT SVÆÐI |
|  | LANDSVÆÐI UTAN SKIPLAGSAMARKA |
|  | VEGIR |
|  | VEGHELGUNARSVÆÐI |
|  | BREYTT LEGA VEGAR |
|  | GÖNGUSTIGAR |
|  | GÖNGULEIÐ (LEGA LEIÐBEINANDI) |
| 10 | HÚSNÚMER |
|  | MÆNISSTEFNA |
|  | MÁLSETNINGAR BYGGINGARREITA |
|  | BÍLASTÆÐI |
|  | BÍLASTÆÐI FYRIR HREYFIHAMLAÐA |
|  | ADALDÁKOMA HAFNSÆKINNAR UMFERÐAR |
|  | INNAKSTUR Á LÖÐIR |
|  | FLATARMÁL LÖÐARHLUTA |
|  | a = HÁMARKSFLATARMÁL BYGGINGA
b = HÁMARKSHÆÐ BYGGINGA |
| Gk | GÖLFKÖTI 1. HÆÐAR Í HAFNARKERFI VOPNAFJARÐAR |



Ásdís H. Ágústsdóttir Arkitekt
Sólveig Berg Arkitekt FAI

VERKKALUPI		VERK	
VOPNAFJARDARHREPPUR		DEILISKIPULAG	
DAGSETN.	MKV.	TEIRNAÐ AF	ÚTGEFID AF
18.06.2021	1:1000	GÁ	GÁ
TEIKNING	VERK NR.	TEIKNING NR.	ÚTGAFA
D02	V291J	2 af 2	

GILDANDI DEILISKIPULAG SAMÞYKKT 17.10.2019, tók gildi 17.01.2020 m. s. br.



Skýringar:


- 30 SÝNILEGAR MINJAR

BIRT Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN _____ .


Wavelength	VERV MP	Wavelength (nm)	Concentration
------------	---------	-----------------	---------------

D02 V291J 2 af 2


TILLAGA AÐ BREYTTU DEILISKIPULAGI




1 Núverand með stækkun
1 : 1000




1 3D - heildar útlit horft til vesturs




1 3D - Horft til suðurs



2 3D - Horft til norðausturs



1 3D - Horft til vesturs



2 3D - Horft til norðurs